

Kirkjuþing 2019  
17. mál – Þskj. 17

## T I L L A G A

til þingsályktunar um Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar  
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af kirkjuráði  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2019 samþykkir eftirfarandi Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar:

### **Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar**

#### I. KAFLI

##### **Inngangur.**

Jafnréttisstefna kirkjunnar á að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt er í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists. Undirstöðuatriði kristins boðskapar fela í sér jafnréttishugsjón og skírnn inn í kristið samfélag gerir engan greinarmun á kyni eða stöðu einstaklinga. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra einstaklinga.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum. Þar er meðal annars lögð áhersla á að kynjasamþætting sé fest í sessi sem mikilvæg leið til að koma á jafnrétti. Þá mun kirkjan vinna eftir lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 og gæta að því í öllu sínu starfi að fylgt sé ákvæði 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Jafnframt er tekið mið af því að þjóðkirkjan er aðili að Alkirkjuráði, Kirknaráði Evrópu og Lúterska heimssambandinu. Samtökin hafa hvatt kirkjur sínar til að gæta að jafnréttissjónarmiðum til hins ýtrasta.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur annars vegar til stjórnkerfis kirkjunnar og starfsmanna hennar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem kirkjan veitir.

#### II. KAFLI

### **Hlutverk jafnréttisnefndar kirkjunnar.**

Jafnréttisnefnd kirkjunnar samanstendur af fimm aðalmönnum og fimm varamönnum, sem kirkjuþing hefur kosið til fjögurra ára í senn. Jafnréttisfulltrúar starfa með jafnréttisnefnd og sitja fundi hennar. Þeir hafa starfsstöð á þjónustusviði biskupsstofu og sinna fræðslu út í söfnuðum. Helstu hlutverk jafnréttisnefndar kirkjunnar eru eftirfarandi:

1. Að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands og kirkjuráð í málefnum er varða jafnrétti kynjanna.
2. Að hafa frumkvæði að fræðslu og aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna innan kirkjunnar.
3. Að fylgjast með framkvæmd jafnréttisstefnunnar fyrir hönd biskups og kirkjuráðs og gera tillögu til kirkjuráðs um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar til þriggja ára í senn, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008.

### **III. KAFLI**

#### **Markmið.**

Markmið jafnréttisstefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti allra kynja í þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum allra kynja til starfa, áhrifa og þjónustu.

Markmiðin eru:

1. Að skapa forsendur fyrir fólk í kirkjunni til að njóta þess jafnréttis sem tryggt er í lögum.
2. Að festa kynjasambættingu og jafnréttismál í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnslu kirkjunnar.
3. Að festa kynjaða fjárlagagerð í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnslu kirkjunnar.
4. Að bæta stöðu eða auka möguleika kynjana ef á kyn hallar á ákveðnu sviði.
5. Að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.
6. Að stuðla að betra samræmi milli fjölskyldu- og atvinnulífs starfsmanna.

#### **Markmiðin og framkvæmd þeirra:**

**Neðangreind áætlun er fyrir árin 2019-2023.**

**1. Að skapa forsendur fyrir fólk í kirkjunni til að njóta þess jafnréttis sem tryggt er í lögum.**

- a. Að hvetja til þess að æðsta stofnun kirkjunnar, kirkjuþing, samþykki ekkert sem brjóti í bága við jafnréttislög leita þurfi álits jafnréttisnefndar í öllum vafatilvikum.

Hvatt verður til þess að æðsta stofnun kirkjunnar, kirkjuþing, tryggi að allt sem þar er samþykkt samræmist gildandi jafnréttislögum, ekkert sé samþykkt þar sem brjóti í bága við þau eða takmarki réttindi fólks til að njóta þeirra réttinda sem löggin eiga að tryggja. Verði borin kennsl aðstæður eða þær skapist, sem torveldi starfsfólki að leita réttar síns samkvæmt jafnréttislögum skal umsvifalaust setja upp áætlun til að bæta úr.

Ábyrgð: Biskup og jafnréttisnefnd.

Tímamörk: Árið 2019-2020.

- b. Að kirkjuráð og forsætisnefndin flytji tillögu fyrir kirkjuþing 2020 að þingmenn hugi ávallt að jafnréttissjónarmiðum þegar teknar eru ákvarðanir eða reglur settar, sem varða vígða- eða óvígða þjóna kirkjunnar. Jafnframt að aflað skuli álits jafnréttisnefndar eða jafnréttisfulltrúa í öllum vafatilvikum.

Ábyrgð: Kirkjuráð og forsætisnefnd.

Tímamörk: Árið 2020.

- c. Að biskup Íslands og kirkjuráð skilgreini nákvæmlega hvaða úrræði og ferlar séu fyrir hendi fyrir fólk til að leita réttar síns telji það vera brotið á sér samkvæmt jafnréttislögum.

Ábyrgð: Biskup Íslands, kirkjuráð, kirkjuþing og jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: Árið 2019-2020.

**2. Að festa kynjasamþættingu og jafnréttismál í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnarsýslu kirkjunnar.**

- a. Að auka jafnréttisfræðslu til presta, djákna og starfsfólks safnaðanna með námskeiðum um jafnréttismál, málfar allra kynja og útgáfu fræðsluefnis. Einnig mun kirkjan standa fyrir jafnréttisdögum, fræðslu og fyrirlestrum um kynjasamþættingu sem felur í sér að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótun og ákvarðanir þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé fléttað inn í starf kirkjunnar á öllum sviðum hennar.

Þá mun kirkjan stuðla að því að kynjasambætting verði þáttur í endurmenntun þeirra sem fyrir kirkjuna starfa.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 2019-2023.

- b. Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi haldi úti virkri heimasíðu þar sem aðgengilegar eru upplýsingar um tölfræði og annað sem tengist jafnréttismálum.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 2019-2023.

- c. Að handbók þjóðkirkjunnar verði rafræn til þess að mögulegt sé að uppfæra hana reglulega með tilliti til jafnréttis og málfars allra kynja.

Ábyrgð: Biskup Íslands, þjónustusvið og jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 2019-2020.

- d. Í öllu efni sem kirkjan gefur út skal höfða til allra kynja og prestar og starfsfólk kirkjunnar sem koma að boðun og fræðslu skulu huga að ábyrgð sinni varðandi málfar allra kynja. Yfirfara skal skráningarform, prestsþjónustubækur og önnur form og fræðsluefni kirkjunnar svo tekið verði mið af þriðja kyninu. Um leið er rétt að endurskoða texta á heimasíðum og annarsstaðar með tilliti til þessa.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar og prófastar.

Tímamörk: 2019-2023.

**3. Að festa kynjaða fjárlagagerð í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnarsýslu kirkjunnar.**

- a. Að jafnlaunavottun verði lokið í desember árið 2020.

Ábyrgð: Biskup Íslands og mannauðsstjóri.

Tímamörk: 2019-2020.

- b. Að verkefnastjórum fjármála þjóðkirkjunnar verði gert kleift að kynna sér og innleiða kynjaða fjárlagagerð fyrir árið 2021.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar og sviðsstjóri fjármála.

Tímamörk: 2019-2021.

**4. Að bæta stöðu eða auka möguleika kynjanna ef á kyn hallar á ákveðnu sviði.**

- a. Að finna leiðir að kosningafyrirkomulagi sem tryggi jafnan hlut kynjanna á kirkjuþingi og í kirkjuráði.  
Ábyrgð: Biskup Íslands, kirkjuráð og kirkjuþing.  
Tímamörk: 2019-2023.
- b. Að í Árbók kirkjunnar og á heimasíðu jafnréttisnefndar verði upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum kirkjunnar.  
Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar, jafnréttisnefnd og þjónustusvið.  
Tímamörk: 2019-2020.
- c. Að mannauðsstjóri og jafnréttisfulltrúar sendi reglulega áminningu um jafnréttismál til sóknarnefndarformanna.  
Ábyrgð: Mannauðsstjóri og jafnréttisfulltrúar.  
Tímamörk: 2019-2023.
- d. Mikilvægt er að upplýsa matsnefnd, kjörnefndir og sóknarnefndir um lagalega skyldu sína gagnvart jafnréttislögum sem og kærurétt til Jafnréttisstofu.  
Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar og jafnréttisnefnd.  
Tímamörk: 2019-2023.

## 5. Að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

- a. Að setja kynjakvóta og raunhæf markmið og bæta aðgengi þess kyns sem á hallar að stjórnunar og áhrifastöðum.  
Ábyrgð: Biskup Íslands, kirkjuráð og kirkjuþing.  
Tímamörk: 2019-2023.
- b. Að allar launaðar stöður innan þjóðkirkjunnar, bæði hjá kirkjustjórninni og söfnuðum, verði auglýstar og umsækjendur metnir samkvæmt fyrirliggjandi þarfagreiningu og starfslýsingum.  
Ábyrgð: Biskup Íslands, mannauðsstjóri og kirkjuþing.  
Tímamörk: 2019-2021.

## 6. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

- a. Að gera fólki sem starfar hjá kirkjunni kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð. Mikilvægt er að starfsfólk njóti sveigjanleika eins og kostur er s.s. varðandi fyrirkomulag vinnu og vinnutíma, að eins miklu leyti og starf hvers og eins leyfir. Hvatt skal til þess að öll kyn nýti rétt sinn til fæðingarorlofs og leitast við að efla fjölskylduábyrgð hvers og eins, s.s. með

hvatningu til starfsmanna að þau skipti með sér fjarvistum frá vinnu vegna veikinda barna.

Ábyrgð: Vígslubiskupar, prófastar, formenn sóknarnefnda/prestar og mannauðsstjóri biskupsstofu.

Tímamörk: 2019-2023.

- b. Að sóknarnefndir verði reglulega minntar á skyldu sína að aðstoða starfsfólk sókna við að útfæra störf sín svo þau samræmist betur fjölskyldulífi.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar

Tímamörk: Árlega, fyrir tímabilið 2019-2023.

- c. Að biskupsstofa og kirkjuráð greini jafnréttisfulltrúum frá því árlega hvaða skref hafi verið stigin á árinu til að gera kirkjuna að fjölskylduvænni vinnustað. Takmarkast skrefin ekki eingöngu við ný viðmið eða aukin sveigjanleika við framkvæmd starfa sem starfsfólki er veittur heldur einnig við fyrirlagningu starfsánægjukannana og samantekta úr starfsmannaviðtölum hvað snertir starfslíðan starfsfólk.

Ábyrgð: Þjónustusvið biskupsstofu, kirkjuráð og vígslubiskupar.

Tímamörk: 2019-2023.

#### **7. Endurskoðun framkvæmdaráætlunar.**

Jafnréttisnefnd leggi mat á jafnréttisstefnuna og endurskoði framkvæmdaráætlun hennar reglulega.

- a. Fyrir 1. september 2023 skili nefndin tillögu að nýrri framkvæmdaráætlun til biskups og kirkjuráðs. Hún verði lögð fyrir kirkjuþing haustið 2023 og taki gildi 1. janúar 2024.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 1. september 2023.

### IV. KAFLI

#### **Niðurlag.**

Biskup Íslands ber ábyrgð á jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar. Biskup, vígslubiskupar, kirkjuráð, prófastar, vígðir þjónar kirkjunnar, sóknarnefndir og stofnanir kirkjunnar bera sameiginlega ábyrgð á að farið sé að jafnréttislögum og að jafnréttisstefnunni sé framfylgt, hver á sínu starfssvæði.

Á vegum kirkjunnar er starfandi teymi um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar. Teymið starfar samkvæmt starfsreglum kirkjupings.